

**Ed.**

**120. Frumvarp til laga**

[74. mál]

um breyting á lögum nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða.

Flm.: Björn Ólafsson.

**1. gr.**

1. og 2. málsgr. 16. gr. laganna hljóði þannig:

Nú nota tveir eða fleiri söfnuðir, sem hafa 1000 eða fleiri gjaldskylda meðlimi hver, sama kirkjugarð, og skulu þá sóknarnefndir þjóðkirkjusafnaða og stjórnir utanþjóðkirkjusafnaða þeirra, sem hlut eiga að máli, kjósa hver úr sínum hópi fulltrúa í sameiginlega kirkjugarðsstjórn, til 6 ára í senn, og jafnmarga varamenn. Sé bálstofa starfandi í sambandi við kirkjugarð, skal Bálfarafélag Íslands eða félagsdeildir þess utan Reykjavíkur, þar sem bálstofa starfar, hafa rétt til að kjósa einn fulltrúa í kirkjugarðsstjórn á sama hátt og starfandi söfnuðir.

Í kirkjugarðsstjórninni eiga sæti 5 menn, ef söfnuðir ásamt bálfarafélagi eru ekki fleiri en 5, en ella 7 menn. Setur dóms- og kirkjumálaráðherra reglur um kosningu þeirra, ef þurfa þykir.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Bálstofa hefur nú verið byggð í Reykjavík í sambandi við kapelluna í Fossvogskirkjugarði. Sérstakur hluti þess kirkjugarðs hefur nú verið undirbúinn fyrir duftreiti, og hefur Bálfarafélagi Íslands verið falið að sjá um skipulagningu hans og ræktun og hafa umsjón með honum.

Í byrjun árs 1944, er 6 söfnuðir voru starfandi í Reykjavík, skipaði ráðherra fulltrúa frá Bálfarafélagi Íslands í kirkjugarðsstjórnina, og var með því fullnægt fyrirmælum laganna um 7 manna stjórn. Nú eru ekki starfandi í Reykjavík nema fimm söfnuðir og því ekki nú nema 6 menn í kirkjugarðsstjórn og ástæðan fyrir skipun fulltrúa frá Bálfarafélaginu að nokkru leyti niður fallin.

Hins vegar verður að telja það sanngjarnt, að bálfarahreyfingin hafi fulltrúa í kirkjugarðsstjórn á stöðum, þar sem bálstofa er starfandi, ekki sízt þegar svo er, að bálfarafélag hefur umsjón með duftgarði, sem er hluti í kirkjugarðinum.

Er því með frv. þessu lagt til, að Bálfarafélag Íslands eða deildir þess utan Reykjavíkur, þar sem bálstofur eru starfandi, fái einn fulltrúa í kirkjugarðsstjórn, á sama hátt og starfandi söfnuðir á hverjum stað.